



Fjölbrautaskóli Suðurlands

ERGÓ B

UMHV1SU05

Námsáætlun – vorönn 2023

Kennarar áfangans:

Eyrún Björg Magnúsdóttir og Sabína Steinunn Halldórsdóttir (SSH) – hópur 1

Tómas Davíð Ibsen (TDT) og Ingunn Helgadóttir (IH) – hópur 2

Guðmundur Björgvin Gylfason (GBG) og Ragnheiður Eiríksdóttir (RE) – hópur 3

Ester Ýr Jónsdóttir (EYJ) og Guðmundur Björgvin Gylfason (GBG) – hópur 4

Ragnheiður Eiríksdóttir (RE) og Thelma María Marínósdóttir (TMM) – hópur 5

Anna Kristín Valdimarsdóttir (AKV) og Ragnheiður Eiríksdóttir (RE) – hópur 6

Áfangalýsing:

Farið verður í helstu þætti sjálfbærni út frá Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Fjallað verður um skilgreininguna á sjálfbærni, hverjar eru stoðir hennar og hvernig hún tengist einstaklingnum, samfélaginu og umhverfinu. Hugtakið verður nálgast út frá umhverfisvernd, mannréttindum, heilbrigði og velferð.

Áfanginn verður verkefnaþingur þar sem nemendur eiga að kynna sér lausnir og koma með sínar eigin hugmyndir að lausnum að helstu vandamálum sem vinna gegn sjálfbærni.

Sjálfbærni er einn af grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá, má segja að undir hann falli hinir grunnþættirnir: lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun, og læsi. Áfanginn miðar að því að koma inná alla þessa þætti út frá útgangspunktinum sjálfbærni.

Gert er ráð fyrir að farið verði í vettvangsferð á önninni.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
- Tengslum milli umhverfis, hegðunar neytenda og mannréttinda.
- Gróðurhúsaáhrifum, orsökum þeirra, afleiðingum, hvar ábyrgðin liggur og mögulegum lausnum.
- Hugtökunum *sjálfbærni*, *sjálfbær þróun*, *burðargeta*, *vistspor* og hvernig þessi hugtök tengjast nýtingu náttúruauðlinda og fjölgun mannkyns.
- Fjölbreyttum leiðum einstaklingsins til vistvænna lifnaðarháttá.
- Stöðu umhverfismála í sínu nærumhverfi.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Geta útskýrt hugtakið sjálfbærni.
- Sýna fram á hvernig mannréttindi, hagkerfi og umhverfisvernd tengist sjálfbærni.

- Meta áhrif hversdagslegra athafna á umhverfið, m.a. með því að nýta sér hugtakið *vistspor*.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vera meðvitaður og gagnrýninn neytandi.
- Átta sig á áhrifum sínum sem neytanda á umhverfi og samfélög.
- Taka þátt í eða kynna sér nýsköpun sem leiðir til sjálfbærni.
- Minnka magn sorps með því að endurnýta og endurvinna það sem hægt er á skapandi hátt.
- Túlka á gagnrýnin hátt upplýsingar sem tengjast umhverfismálum.
- Vera virkur þátttakandi í umræðu um umhverfismál.
- Stuðla að grænum lífnaðarháttum hjá sér og sínu nærumhverfi.

Námsefni

Engin eiginleg kennslubók er í áfanganum en kennarar dreifa efni í gegnum Innu.

Nemendur þurfa að mæta með fartölvur í tíma. Eigi þeir ekki fartölvu geta þeir fengið hana lánaða á bókasafni skólans.

Námsmat

Til að standast áfangann verða nemendur að ná 4,5 að meðaltali fyrir verkefni.

Leiðsagnarmat. Fjölbreytt verkefni metin jafnt og þétt yfir önnina. Áhersla á umsagnir sem leiða nemandann áfram. Einnig verður sjálfsmat og jafningjamat. Engin skrifleg lokapróf.

Þar sem engin kennslubók er í áfanganum er afar mikilvægt að nemendur mæti vel í tímana og séu virkir þar.








Skil á verkefnum og virkni í tímum er forsenda þess að standast áfangann.

Ef nemandi missir eitthvað úr er það á hans ábyrgð að fá upplýsingar um hvaða verkefni voru unnin á meðan og fá að skila þeim sem einstaklingsverkefni. Símanotkun er bönnuð í kennslustundum nema að kennari gefi leyfi, virði nemendur ekki þá reglu fá þeir F fyrir tímann.

8%	Geimskip (hópverkefni)
5%	Life On Our Planet (einstaklingsverkefni)
6%	Loftlagsþversögnin – spurningar (einstaklingsverkefni)
8%	The Story of... (myndband, hópverkefni)
10%	Áhugasvið og sjálfbærni (kynning, hópverkefni)
12%	Sveitafélagið mitt (hópverkefni)
7%	Fjölmiðlamappa (einstaklingsverkefni)
12%	Látum verkin tala!
20%	Hugleiðingabók
12%	Mæting og virkni

VINNUÁÆTLUN

VIKA	DAGSETNING	UMFJÖLLUNAREFNI og VERKEFNI	Heimsmarkmið SP
1	5.-6. janúar	Kynning á áfanganum og hópefli.	

2	9.-13. janúar GBG&RE	Hópefli og David Attenborough – Life on Our Planet	
3	16.-20. Janúar GBG&RE	Geimskipið – vinna og kynningar. Loftlagsþversögnin 1. þáttur Loftlagsþversögnin 2. þáttur	 https://www.un.is/heimsmarkmidin/vatn/
4	23. -27. janúar EÝJ&GBG	Lofslagsbreytingar, mataræði og matarsóun. Hugtakið sjálfbærni útskýrt. Loftlagsþversögnin 3. þáttur	 https://www.un.is/heimsmarkmidin/sjalfbaer-orka/
5	30. janúar - 3. febrúar. EÝJ&GBG	The Story of Stuff – verkefni Hugtakið vistspor útskýrt	  https://www.un.is/heimsmarkmidin/lif-a-landi/ https://www.un.is/heimsmarkmidin/lif-i-vatni/
6	6.-10. febrúar EBM SSH	Viðtöl Sjálfbærni og áhugasvið – verkefni Hugtakið burðargeta útskýrt	 https://www.un.is/heimsmarkmidin/abyrg-neysla/
7	13.-17. febrúar EBM SSH	Áhugasviðskynningar	 https://www.un.is/heimsmarkmidin/verndun-jardarinnar/
8	20. – 24. febrúar 20. feb er verkefnadagur. TDI og IH Miðannamat 24. feb	Sveitafélagið mitt Vinna við fjölmiðlamöppu hefst	 https://www.un.is/heimsmarkmidin/sjalfbaerar-borgir-og-samfelog/
9	27. febrúar. – 3. mars	Hópefli	
10	6. - 10. mars TDI og IH	Sveitafélagið mitt vinnuvika	
11	13. – 17. Mars	Kynningavika - Fjölmiðlamöppu	

	TDI og IH		
12	20.-24. Mars TMM RE	Látum verkin tala! Lífstílaun eða nýsköpun.	
13	27. -31. Mars TMM RE	Látum verkin tala! Lífstílaun eða nýsköpun. Páskafrí hefst mán. 3. apríl	 <p>9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING</p> <p>https://www.un.is/heimsmarkmi din/nyskopun-og-uppbygging/</p>
14	3. – 7. apríl	Páskafrí	
15	10. - 14. apríl	PÁSKAFRÍ. Kennsla 12. -14. apríl	
16	17.- 21. Apríl AKV RE	Vettvangsferð	
17	24. - 28. Apríl AKV RE	Lokaorð við Hugleiðingabók	
18	1.- 5. maí	Frídagur verkalýðsins 1. maí Áfangamat og skrap Síðasti kennsludagur 5. maí	

Vinnuáætlun gerð með fyrirvara um breytingar.

Með von um skemmtilegt samstarf, janúar 2023
Ergókennarar